

## NOTKUN FARSÍMA Í ÚTLÖNDUM

Þegar ferðast er til útlanda er gott að hafa nokkur atriði í huga: Hvað kostar að hringja og hlaða niður efni (t.d. í tölvupósti) í viðkomandi landi? Er verðþak á gagnamagni? Þarf að gera einhverjar ráðstafanir, t.d. varðandi stillingar á símtæki áður en haldið er utan?

**REIKI Í EVRÓPU.** Í löndum innan EES gildir Reiki í Evrópu. Innifaldar mínútur, SMS og gagnamagn gildir í þeim löndum eins og heima. Í verðskrá fyrir GSM kemur fram hversu mikið af gagnamagninu gildir í EES, en rukkað verður álag samkvæmt reglugerðum evrópusambandsins um Reiki í evrópu (fair use policy) af notkun umfram því.

**FRELSI:** Innifaldar mínútur, SMS og gagnamagn gildir á Íslandi og í EES, en ekki í löndum utan við EES. Því þarf að kaupa almenna inneign (upphæð) til þess að nota frelsið í þeim löndum og gildir þá almenn reikiverðskrá. Í sumum löndum virka frelsisnúmer ekki, endilega flettið upp landinu á reikiverðskrá og athugið hvort frelsi virki í því landi áður en haldið er utan. Hægt er að færa númerið tímabundið í áskrift með því að hafa samband við þjónustuver.

**NETIÐ Í SÍMANN:** Hægt er að nota 4G í fjölmörgum löndum og er opið fyrir 3G samband enn víðar. Í einhverjum löndum er þó ekki enn opið fyrir gagnanotkun, en þú getur séð hvort hægt sé að nota netið í símann þegar þú flettir landinu upp í reikiverðskránni. Til þess að koma í veg fyrir háa reikninga er sjálfkrafa lokað á gagnanotkun ef notkun erlendis nær 50 evrum. Hægt er þó að hækka þakið á Mínum síðum og með því að hafa samband við þjónustuver.

**SÍMTÆKIN:** Í dag styðja flest símtæki mismunandi tíðni og þurfa því ekki margir að hafa áhyggjur af því að síminn virki ekki erlendis. Ef þú ert með gamalt símtæki er hægt að kanna hvaða tíðni símtækið styður (til dæmis á <https://www.gsmarena.com/>) og fletta því svo upp á [reikiverðskránni](#) hvort símfyrirtækin í því landi sem haldið er til styðji sömu tíðni. Endilega hafðu samband við þjónustuver okkar eða komdu í næstu verslun og við aðstoðum þig að kanna málið.

**NETÁSKRIFTIR (spjaldtölvur/netlyklar):** Hægt er að nota netáskrift og netfrelsi erlendis og gildir almenn reikiverðskrá utan EES-svæðisins. Opið er fyrir 4G í yfir 40 löndum um heiminn og 3G samband er enn víðar. Þú getur kannað hvort opið er fyrir netnotkun í því landi sem þú ert að ferðast til í reikiverðskránni. Við mælum með því að skoða verðskrá áður en haldið er út, en lokað er fyrir gagnanotkun þegar notkunin nær 50 evrum (sjá „gagnaþak“). Ef þú vilt frekar nýta

Þráðlaust net (WiFi) þar sem það er í boði, þá mælum við með að slökkva á gagnanotkun erlendis (data roaming) í tækinu.

**Talhólf:** Símtalsflutningur í talhólf kostar á við hefðbundin símtöl í löndum utan EES-svæðisins.

Hægt er að slökkva á talhólfi með því að slá inn ##002#.